

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Austur-Eyjafjallahrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps og Hvolhrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 5. febrúar 2002 staðfest sameiningu Austur-Eyjafjallahrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps og Hvolhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi hinn 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir áðurgreindum sex sveitarfélögum. Tekið skal fram að Þórsmerkursvæðið fellur innan staðarmarka hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998.

Íbúar hinna sex sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum sex sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 25. maí 2002, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjóra skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar sex kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Skoðanakönnun verður gerð um nafn hins sameinaða sveitarfélags samkvæmt tillögu samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna. Mun nefndin taka ákvörðun um val á nafni á grundvelli niðurstöðu könnunarinnar. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*